

2. gr.

Ofantalin gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 50, dags. 17. desember 1994, bls. 70.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 14/1996, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 118

6. febrúar 1997

REGLUR

um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996.

1. gr.

8. gr. reglnanna verður eftirfarandi:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu mánaðarlega senda skýrslu til bankaeftirlitsins um eiginfjárlutfall og lánastofnanir að minnsta kosti ársfjórðungslega. Lánastofnanir, sem ekki reikna sérstakan áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu senda hálf-árslega skýrslu til bankaeftirlits. Sömu stofnunum er þó heimilt að senda einungis skýrslu miðað við árslok sé niðurstöðutala efnahagsreiknings viðkomandi stofnunar undir 2.000 m.kr. og eiginfjárlutfall yfir 12% í upphafi árs. Ákvæði um skýrslugerð lánastofnunar sjaldnar en ársfjórðungslega eiga ekki við ef eiginfjárlutfall stofnunar er lægra en 10% í upphafi árs.

Mánaðarlegar skýrslur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr., skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörsdegi. Skýrslur lánastofnana skv. 1. mgr., skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörsdegi.

2. gr.

1. mgr. 28. gr. reglnanna verður eftirfarandi:

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal reiknaður í samræmi við ákvæði viðauka III um útreikning á almennri stöðuáhættu skuldaskjala. Stofnanir skulu reikna áhættugrunn samkvæmt binditímaaðferð eða rauntímaaðferð. Banka-
eftirlitinu er heimilt, með hliðsjón af umfangi viðskipta, að ákveða að einstakar stofnanir noti aðra aðferðina fremur en hina.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskipta-
banka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti og öðlast þegar gildi.

6. febrúar 1997.

Seðlabanki Íslands,

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ólafsson.